

MALARNÁM Á MUNKAÞVERÁREYRUM Í EYJAFJARÐARSVEIT

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að malarnám á Munkaþveráreyrum í Eyjafjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig þarf framkvæmdaraðili að sækja um leyfi til Fiskistofu samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði vegna framkvæmdanna áður en Eyjafjarðarsveit veitir framkvæmdaleyfi. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 en vinna þarf deiliskipulag af efnistökusvæðinu sem er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.

INNGANGUR

Þann 22. mars 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkfræðistofu Norðurlands, fyrir hönd Önnu Aðalheiðar Guðmundsdóttur landeiganda á Munkaþverá, um fyrirhugað malarnám á Munkaþveráreyrum samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2.a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 30. apríl 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 5. apríl 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 18. apríl 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdin felist í allt að 75.000 m³ efnistöku/malarnámi á um 25.000 m² svæði á Munkaþveráreyrum í landi Munkaþverár í Eyjafjarðarsveit og tilgangur framkvæmdarinnar sé að afla malarefnis til að mæta eftirspurn eftir jarðefnum í Eyjafirði. Fram kemur að um sé að ræða um 600 m langt og 15-70 m breitt svæði norðan eldri efnistökusvæða, en á undanförunum áratugum hafi verið efnistaka á Munkaþveráreyrum og gróf áætlun geri ráð fyrir að í heild sé búið að taka milli 400.000 – 500.000 m³ á svæðinu frá árinu 1982. Efnistöku á eldri svæðum sé lokið og efnistöku úr farvegi árinna hafi verið hætt en frágangi eldri efnistökusvæða sé ekki að fullu lokið, en hann sé fyrirhugaður samhliða brottflutningi þeirra hauga sem enn séu í námunni. Fram kemur að við fyrirhugaða efnistöku sé gert ráð fyrir að mestu af efninu verði ekið burt jafnóðum en einnig sé mögulegt að hluti efnisins verði unninn frekar (mölun / hörpun) á námusvæðinu og haugsettur þar einhverja mánuði. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdatímabil verði fimm ár, en ljóst sé að tímabil vinnslu verði háð eftirspurn.

Frágangur. Fram kemur að þar sem áreyrarnar á efnistökusvæðinu lækki um 3 m að meðaltali að efnistöku lokinni verði þess gætt að efnistaka við jaðar svæðisins valdi ekki landskriði á grónu landi utan vinnslusvæðisins. Þess verði jafnframt gætt að góðurflái verði frá botni vinnslusvæðis upp að vinnslujaðrinum. Gengið verði frá mörkum raskaðs og óraskaðs lands með efni úr þeim jarðvegi sem fáiast við tilfallandi ofanýtingu. Allar helstu ójöfnur og afgangshaugar verði jafnaðir út. Sáð verði í þau svæði þar sem vænta megir að gróður nái festu.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að fyrirhugað efnistökusvæði sé á ógrónum eða lítt grónum áreyrum og engar friðaðar plöntur séu í nágrenni þess. Áhrif á gróður verði því óveruleg. Fram kemur að starfsmaður Veiðimálastofnunar hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði m.t.t. áhrifa á vatnafar og vatnalíf og sé það niðurstaða hans að engin bein áhrif verði á lífríki árinna enda sé fyrirhugað efnistaka úr gömlum malarhjöllum og fari ekki inn á núverandi farveg árinna. Þá bendi ekkert til að fyrirhugað efnistaka ein og sér auki líkur á að áin breyti um farveg. Fram kemur að áhrif á landslag felist í því að land á efnistökusvæðinu verði 2,5 til 4 m lægra en við núverandi aðstæður. Þar sem gert sé ráð fyrir að ganga frá námunni jafnóðum og hún vinnist verði sjónræn áhrif fyrst og fremst af hugsanlegum efnishaugum þegar og ef frekari vinnsla (hörpun / mölun) efnis eigi sér stað. Fram kemur að nokkur hávaði geti fylgt efnistökunni sérstaklega ef efnið verði unnið á staðnum. Það sé hins vegar reynsla ábúenda á Munkaþverá, í um 130 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu, að minni hávaða stafi frá efnisvinnslunni en umferð á þjóðveginum. Næstu íbúðarhús séu í um 400 m fjarlægð að Borgarhóli og um 800 m að Rifkelsstöðum og meðal fjarlægðin sé talsvert meiri. Megir því gera ráð fyrir að áhrif á nálæga byggð vegna hávaða verði óveruleg.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025 er gert ráð fyrir allt að 150.000 m³ malarnámi á Munkaþveráreyrum í landi Munkaþverár, þar af hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir 50.000 m³ efnistöku.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að námur af þessari stærð verði deiliskipulagðar og þar komi fram vinnslu- og frágangaráætlun. Fram kemur að gert verði deiliskipulag um fyrirhugað efnistökusvæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Eyjafjarðarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um að efnistaka hafi farið fram í námunni um alllangan tíma og gera megi ráð fyrir að helstu áhrif efnistöku á þessum stað séu þegar komin fram. Með markvissum frágangi námunnar ættu sjónræn áhrif efnistökkunnar helst að verða vegna efnishauga í námunni. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð efnistaka hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 75.000 m³ efnistöku á allt að 25.000 m² svæði á Munkaþveráreyrum í landi Munkaþverár í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að umfangsmikil efnistaka hefur farið fram á Munkaþveráreyrum í nokkuð langan tíma og að neikvæð áhrif efnistökkunnar eru að mestu komin fram, þ.m.t. sjónræn áhrif hennar. Fyrirhuguð efnistaka mun þó hafa nokkur neikvæð sjónræn áhrif á rekstartíma námunnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði eftir þeim áformum sem sett eru fram í greinargerð, um frágang svæðis meðan á vinnslu stendur og í verklok til þess að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til frambúðar. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður verði lítil þar sem um er að ræða lítt gróið svæði. Þá telur stofnunin ljóst að fyrirhuguð efnistaka komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á vatnalíf eða vatnafar þar sem efnistökusvæðið er utan núverandi farvegs Munkaþverár. Ennfremur telur Skipulagsstofnun að áhrif vegna hávaða á rekstartíma verði ekki veruleg þar sem fjarlægðir í næstu íbúðarhús eru talsverðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkfræðistofu Norðurlands, f.h. framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að malarnám á Munkaþveráreyrum sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. reglugerð nr. 722/2012. Þá eru framkvæmdirnar háðar starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og leyfi frá Fiskistofu samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar en vinna þarf deiliskipulag af efnistökusvæðinu, sem er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.

Jakob Gunnarsson

Valur Klemensson

